

39. Karateping 2026

1. Pingsetning.

Reinharð Reinharðsson setur þingið. Tímamót á þessu þingi, en formaður til síðustu 20 ára lætur af störfum.

Magnús Eyjólfsson landsliðsþjálfari lést í ágúst 2025 eftir stutt veikindi. Þingheimur rís úr sætum og minnst hans.

2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins.

Valdimar Leó Friðriksson var kosinn sem þingforseti og Anna María Þórðardóttir kosin þingritari. Þingforseti óskar eftir að þingheimur samþykki að þingið sé löglegt, það er að til þess hafi verið boðað samkvæmt lögum KAÍ. Þingið er lögmætt. Kjörbréfanefnd tekur til starfa.

3. Kosnar fastar nefndir:

a. Kjörbréfanefnd.

- i. Anna Olsen
- ii. Sunna Rut Guðlaugardóttir
- iii. Kristján Halldórsson

b. Fjárhagsnefnd.

- i. Gaukur Garðarsson
- ii. Þorsteinn Yngvi Guðmundsson
- iii. Rut Guðbrandsdóttir

c. Laga- og leikreglnanefnd.

- i. Willem C. Verheul
- ii. Halldór Stefánsson
- iii. Iveta Chavdarova Ivanova

d. Allsherjarnefnd.

- i. Sigpór Samúelsson
- ii. Ólafur Engilbert Árnason
- iii. Auður Gunnlaugsdóttir

e. Kjörnefnd

- i. Þorsteinn Yngvi Guðmundsson
- ii. Sif Ólafsdóttir
- iii. Gunnar Sigurðsson

Kjörbréfanefnd skilar álit.

Tíu félög af fimmtán með fulltrúa.

Fjöldi þingfulltrúa skráðir á kjörbréf: 38

Fjöldi frá hverju félagi

Félag	Fjöldi iðkenda	Fulltrúar	Fjöldi mættra fulltrúa
KFR	153	8	8
Breiðablik	115	7	5
Haukar	101	7	4
Fjölnir	83	6	6
Fylkir	80	6	3
Þórshamar	79	6	3
ÍR	73	5	2
Afturelding	57	5	4
Garðabær	50	4	2
Akureyri	48	4	1
Akranes	28	4	0
UMF Hrafnkell Freysgoði	20	2	0
UMF Ármann	25	2	0
Víkingur	20	2	0
Vestmannaeyjar	14	2	0

4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.

Reinharð Reinharðsson heldur stutta ræðu um árið og fór yfir skýrslu ársins. Skýrslan liggur frammi á þinginu. KAI átti 40 ára afmæli í fyrra og var haldið veglega upp á það veglega. Karate var í fyrsta sinn keppnisíþrótt á Smáþjóðamótinu sem haldið var í Andorra í þetta sinn. Þrír keppendur fóru á mótið og fengu þeir gull, brons og fimmta sæti. Stjórn fór yfir reglur um innanfélagsmót og setti á heimasíðuna nýjar uppfærðar reglur og eru þær jafnframt í ársskýrslunni.

Reinharð fór svo stutt yfir formannsferil sinn í 20 ár. Hann tók þátt í að undirbúa og halda þrjú Norðurlandameistaramót og eitt Evrópumót Smáþjóða. Þegar hann tók við var byrjað með bikarmót unglunga, Grand Prix mótið sem voru til að byrja með tvö á ári og fyrstu 10 árin var keppt í blönduðum flokkum, piltar og stúlkur saman. Fyrir tveim árum var svo bætt við flokki fyrir 11 ára. Karatesambandið er búið að taka þátt í RIG í 14 ár undir forystu Reinharðs. Nú er búið að samþykkja að hafa karate á Smáþjóðaleikunum sem haldnir verða í Luxemburg 2029. Alls hafa 40 manns setið í stjórn KAI á þessum 20 árum og færði Reinharð þeim góðar þakkir fyrir góð viðkyrni og samstarf.

5. Gjaldkeri leggur fram skoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.

Gaukur Garðarsson fór yfir reikninga ársins 2025.

Fór yfir tekjur og gjöld ársins 2025.

Spurt um breytilegan kostnað vegna dómgæslu milli ára. Það útskýrist af því að NM var haldi á Íslandi og þá þurfti ekki að greiða fargjald fyrir dómara það árið.

Engar frekari spurningar eða athugasemdir komu fram varðandi skoðaða reikninga.

Endurskoðaður reikningur borinn upp til samþykktar og samþykktur samhljóða.

6. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Gaukur Garðarsson lagði fram og fór yfir fjárhagsáætlun fyrir 2026.

Spurt er um tekjulækkun. Skýring á henni er að afrekssjóður ÍSÍ lækkar um 25%, vegna breytinga á afrekssjóð ÍSÍ.

Spurt er um hlut keppenda. Hlutur keppenda hefur hækkað um 10p, en einnig geta keppendur sótt um styrki 3x á ári. Það hefur ekki verið fullnýtt og því er raunkostnaður alla jafna lægri. Einnig er nýr sjóður hjá ÍSÍ, afrekssjóður ungra keppenda og það á eftir að koma í ljós hvort hægt sé að sækja styrk þangað.

Spurt er af hverju það er lækkun á afrekssjóði. Skýringin er að KAI var fært úr afrekssambandi 5 í verkefnasamband, þannig að framlög munu lækka. Til að komast upp í afrekssamband á ný þarf að eiga keppendur í efstu 32 sætunum á heimslista í fullorðinsflokki.

Spurt er um auglýsingatekjur. Auklýsingatekjur eru frá Ícelandair sem endurgreiðir 15% af flugfargjaldi ef flogið er með þeim. Endurgreiðslan er 2x á ári, í febrúar og ágúst. Samningur sem ÍSÍ gerði fyrir minni sérsamböndin.

Fjárhagsáætlun er vísað til fjárhagsnefndar.

7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið.

Tillögur bárust frá Fylki um breytingar á Íslandsmeistaramótum og breytingar á drætti:

- Íslandsmeistaramót barna í kumite
- Halda öll mótin yfir eina helgi, til vara allt kumite á einni helgi og kata á annarri
- Liðakeppni á Íslandsmeistaramóti unglinga í kumite
- Reglur um að rýmka heimild mótanefndar til að draga að nýju

Tillaga frá Haukum um breytingu á Íslandsmeistaramótum

- Komið verður á Master flokkum á Íslandsmeistaramóti í kata, fyrir 40+ og 50+

Tillögum vísað til leikreglnanefndar.

Afreksstefna lögð fram. Reinharð Reinharðsson fór yfir hækkun á gjöldum leikmanna vegna Afrekstefnu.

Vísað til Allsherjarnefndar.

8. Lagðar fram aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar.

Reinhard kynnir uppfærðar reglur um aganefnd. Rætt var um þær á formannafundi í september.

Vísað til Allsherjarnefndar.

Hugi Halldórsson er kallaður í pontu. Hugi vann fyrstu verðlaun Íslendinga í karate evrópumeistaramóti. Reinhard hrósar Huga fyrir frábæran árangur og þakkar honum fyrir.

9. Ávörp gesta.

Willum Þór Þórsson forseti ÍSÍ var gestur á þinginu. Willum þakkaði öllum fyrir þrotlausa og óeigingjarna vinnu, ekki aðeins fyrir karateíþróttina heldur fyrir íþróttahreyfinguna, forvarnir og lýðheilsu. Gríðarlega mikilvægt framlag. Árangur Huga á EM ungmenna er eftirtektarverður, en einnig árangurinn á Smáþjóðamótinu sl. vor. Árangur sem þessi kemur ekki af sjálfu sér og endurspeglar vinnu allra iðkenda og þjálfara í gegnum árin.

Willum fór því næst yfir feril Reinhard í stjórn Karatesambands Íslands, en hann byrjaði í stjórn árið 2000 og tók við sem formaður árið 2006. Hann hefur sinnt formennsku óslitið í 20 ár en lætur nú af störfum. Þessi ferill á sér ekki hliðstæðu. Hann hefur sýnt þrautseigju og ráðdeild í starfi. Fyrir þetta óeigingjarna framlag til íþróttarinnar hefur heiðursráð lagt til að Íþróttasamband Íslands sæmi Reinhard æðstu viðurkenningu íþróttahreyfingarinnar á Íslandi, Heiðurskrossinn og hefur framkvæmdastjórn samþykkt það. Willum þakkar Reinhard fyrir hans mikilvægu störf.

10. Málum og tillögum vísað til nefnda til umfjöllunar.

Þingforseti biður nefndir að taka til starfa

- Þ I N G H L É -

11. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.

Laga og leikreglnanefnd.

Laga og leikreglnanefnd fór yfir tillögur sem bárust.

- Breyting um Íslandsmeistaramót – kumite barna. Til samræmis við það sem er í kata. Mótanefnd þarf að meta hvort þetta sé framkvæmanlegt, sem og mönnun dómara. Engar athugasemdir úr sal. Vísað til nýrrar stjórnar.
- Breyting um Íslandsmeistaramót – halda öll mótin á einni helgi, til vara allt kumite á einni helgi og kata á annarri. Nokkrar umræður á þinginu, tækifæri til að búa til stærri viðburð, fá áhorfendur og yngri iðkendur sjá þá eldri keppa.

Senda tillögu til dómaranefndar, og að því loknu til nýrrar stjórnar og mótanefndar.

- c. Breyting um Íslandsmeistaramót – hafa liðakeppni unglunga í kumite. Byrja með liðakeppni í cadet og hafa það blandaða sveit. Vísað til stjórnar.
- d. Breyting á heimildum mótanefndar að draga upp á nýtt á mótsdegi í einstaka flokkum. Kemur ekkert fram í reglum um mótanefnd um reglur um drátt. Tillagan er að búa til reglur um hvenær mótanefnd er heimilt að draga upp á nýtt. Vísað til stjórnar og áfram til mótanefndar.
- e. Breyting um Íslandsmeistaramót – masters flokkar, 40+. Vel tekið í þetta, hafa flokkana til samræmis við það sem gengur og gerist erlendis, 35+ og 45+ hópkata blönduð 35+. Engar umræður. Vísað til nýrrar stjórnar

Allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd fór yfir breytingar á afreksstefnu. Tillaga um að breyta markmiðum, 8 manna úrslit á evrópumótum og 32 manna úrslit heimsmeistaramóti, bæði í unglunga og fullorðins. Styrkur hækkar úr 60 í 70þ til iðkenda. Bæta við listann yfir mót að keppa á Youth League í kumite og kata. Afreksstefna samþykkt og vísað til stjórnar.

Breyting á reglum um aganefnd.

Farið var ítarlega yfir tillögur að breytingum. Þingið hafði ekki athugasemdir við breytingarnar og samþykktu þær, fyrir utan neðangreint:

5. gr. Breytingin þarf að passa við lög ÍSÍ.

8.4 gr. Lífstíðarútilokun. Er þetta í lagi, hvað þýðir þetta? Leita ráða hjá Höllu skrifstofustjóra ÍSÍ varðandi það hvort sambærilegar reglur séu til hjá öðrum sérsamböndum. Milda þetta orðalag.

10. gr. Útilokun frá mótum, hvað er sú útilokun lengi?

Til viðbótar er lagt til að hugtakið ofbeldi sem aganefnd dæmir eftir sé skýrt. Lesið er upp dæmi um skilgreiningu á ofbeldi. Þing sammála því að þetta þurfi að skilgreina, en að það þurfi að vera sambærilegt skilgreiningu hjá ÍSÍ sé hún til. Leita til Höllu með það.

Þessar breytingum er vísað til nýrrar stjórnar sem mun leita ráða hjá Höllu.

Fjárhagsnefnd.

Búið að hækka aðeins mótagjöld, hækka úr 3 í 4 milljónir en á móti kemur að búið er að leggja til að hækka styrk til keppenda (afreksstefna) og fjölga mótum (youth league). Ferðakostnaður hefur hækkað mikið, þannig að þessi milljón fer í aukinn ferðakostnað erlendis.

Útbreiðslustyrkur hækkaður í 500þ. Lagt fyrir stjórn.

Rekstrarkostnaður hækkar og hagnaður lækkar úr 500 í 200þ.

Atkvæðagreiðsla um fjárhagsáætlun. Samþykkt samhljóða.

12. Önnur mál.

Frá Þórshamri um samskipti og flæði upplýsinga. Of mikið treyst á FB og heimasíðuna. Að það sem sett er inn á FB og heimasíðu sé líka sent í tölvupósti til félaga. Vísað til stjórnar.

Frá Fylki, óskað eftir betra upplýsingaflæði, varðandi mótahald og landsliðsverkefni. Ekki almennilega tilkynnt til foreldra að barn sé skráð á mót erlendis. Á við landsliðsnefnd, mótanefnd. Stjórn og landsliðsnefnd þarf að skoða þetta og bregðast við.

Frá Fylki, opna fyrir samstarf milli félaga, gestaþjálfarar milli félaga. Eins að landsliðsæfingar flokkuðu einusinni á milli flokka, og þannig fengu krakkarnir fyrirmyndir. Þarf ekki endilega að vera landsliðið, má líka vera bara á milli félaga. Eykur tengsl og styrki félagslega þáttinn. Allir sammála þessu.

Kjörbréfanefnd.

Þorsteinn tekur til máls og kynnir frambjóðendur.

Einn frambjóðandi til formanns.

Þrír frambjóðendur til stjórnar, vantar eitt framboð.

Á þinginu býður Þorsteinn sig fram, ekkert mótframboð.

Á þinginu bjóða sig fimm fram í varastjórn. Þrjú sæti eru í boði. Þau eru:

Lárus Ólafsson - KFR

Ísold Klara Klörudóttir - Fylkir

Willem C. Verheul – Fjöltnir/Afturelding

Ingibjörg Ósk Hákonardóttir – KG

Þórður Jökull Henrysson – ÍR

Kjósa þarf þrjá af þessum frambjóðendum.

Í aganefnd vantar eitt framboð, Eydís býður sig fram.

Það vantar tvö framboð sem varamenn í aganefnd og þessi tvö bjóða sig fram:

Matthías Scheving

Berglind Ósk Gunnarsdóttir

Það vantar eitt framboð sem skoðunarmaður reikninga og Helgi Jóhannesson býður sig fram.

13. Kosning formanns, stjórnar, varastjórnar og skoðunarmanna reikninga.

Kosning formanns.

Ronja Halldórsdóttir sjálfkjörin.

Kosning í stjórn.

Gaukur Garðarsson sjálfkjörinn.

Gunnlaugur Sigurðsson sjálfkjörinn.

Sigþór Samúelsson sjálfkjörinn.

Þorsteinn Yngvi Guðmundsson sjálfkjörinn.

Varamenn í stjórn:

Þórður Jökull Henrysson kosinn með 32 atkvæðum.

Ísold Klara Klörudóttir kosin með 27 atkvæðum.

Willem C. Verheul kosinn með 25 atkvæðum.

Skoðunarmanna reikninga.

Réttkjörnir skoðunarmenn reikninga eru:

Haukur Jónsson.

Helgi Jóhannesson.

14. Kjörnir 5 menn í aganefnd og 3 til vara.**Réttkjörnir í aganefnd eru:**

Birkir Jónsson formaður – Þórshamar

Eggert Ólafur Árnason – Fylkir

María Helga Guðmundsdóttir – UMF Hrafnkell Freysgoði

Indriði Jónsson – Breiðablik

Eydís Magnea Friðriksdóttir – KFR

Varamenn í aganefnd:

Magnús Sigþórsson - KFA

Matthías Scheving - Haukar

Berglind Ósk Gunnarsdóttir - KG

15. Val fulltrúa á Íþróttaping.

Vísað til stjórnar. Ekkert íþróttaping á þessu ári, næst í maí 2027.

16. Heiðrun

Reinhard Reinhardsson, gullmerki KAÍ fyrir þrotlaust og óeigingjarnt starf fyrir Karatesamband Íslands. Byrjaði í karate 1985 og hefur starfað þrotlaust fyrir íþróttina síðan. Verið í stjórn í samtals 28 ár af þeim 40 árum sem hann hefur verið í starfi sambandsins, þar af formaður í 20 ár. Ómetanlegt framlag til íþróttarinnar.

17. Þingslit.

Þingforseti þakkaði þingheimi fyrir vel unnin störf og gaf orðið til Ronju Halldórsdóttur nýkjörins formanns KAÍ. Reinhard afhendir lyklavöldin og óskar nýjum formanni velfarnaðar og bauð nýja stjórnarmeðlimi velkomna. Ronja Halldórsdóttir sleit 39. Karateþingi.

Þingritari.

Anna María Þórðardóttir